



**Fundargerð 22. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 27. nóvember 2015, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Ásgeir Eiríksson, Johan D Jónsson, Laufey Kristjánsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Guðjón P. Kristjánsson, Jón Þórisson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes).

**1. Aðild að EGN/GGN**

Lögð fram svarbréf EGN, GGN og UNESCO vegna umsóknar um aðild að Global Geoparks Network. Erindunum fylgja ábendingar um verkefni sem samtökin telja að styrki stöðu Reykjanes Geopark. Verkefnin snúa m.a. að sýnileika, útgáfu kynningarefnis, stjórnun og upplýsingagjöf varðandi GGN.

Samþykkt að tilnefna Eggert Sólberg Jónsson og Sverrir Guðmundsson í EGN coordination committee.

**2. Ný áætlun UNESCO**

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hefur samþykkt áætlun um geoparka. Um er að ræða þriðju stóru áætlun UNESCO og þá fyrstu síðan að heimsminjaskráin var samþykkt 1972. Reykjanes Geopark er eitt af fjórum íslenskum svæðum á þessum þremur listum stofnunarinnar.

**3. GEOfood**

Lagðar fram reglur um notkun á merki GEOfood. Reykjanes Geopark hefur unnið að reglunum í samvinnu við norræna samstarfsaðila undanfarið eitt og hálf ár.

**4. Fundargerð stofnfundar Samráðsvettvangs íslenskra jarðvanga**

Lögð fram fundargerð stofnfundar samráðsvettvangs íslenskra jarðvanga sem fram fór 25. ágúst sl.

**5. Kynning á sjálfvirkri gjaldtöku á ferðamannastöðum**

Á fundinn mættu Þórdís Wathne, Rúnar M. Sigurvínsson og Jakob Frímagn Magnússon frá National Parking og kynntu hugmyndir um sjálfvirka gjaldtöku á ferðamannastöðum.

**6. Eftirfylgni vegna ályktunar um landvörslu**

Á 21. fundi stjórnar Reykjanes Geopark var ályktað um mikilvægi þess að bæta landvörslu á svæðinu. Í kjölfarið funduðu formaður stjórnar og verkefnastjóri með forstjóra Umhverfisstofnunar, framkvæmdastjóra Stjórnstöðvar ferðamála og starfsfólki í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Reykjanes Geopark hefur boðist til þess að verða tilraunsvæði fyrir landvörslu utan friðlýstra svæða.

**7. Heimsókn frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða**

Verkefnastjóri sagði frá fundi með umhverfisstjóra Ferðamálastofu 16. nóvember sl. Rætt um umsóknir sem sendar voru inn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Tvö deiliskipulög á vegum Reykjanes Geopark eru nú í auglýsingu. Frestur til athugasemda við tillögu að deiliskipuagi fyrir Brimketil er til 21. desember nk. og tillögu að deiliskipuagi fyrir Reykjanesvita og nágrenni til 31. desember nk.



Johan leggur til að stofnað verði verkefnaráð til að vinna að hugmyndum um framkvæmdir á ferðamannastöðum fyrir næsta framkvæmdaár.

### **8. Þróunarverkefni um heildræna skoðun á málefnum upplýsingaveitu til ferðamanna**

Erindi frá Ferðamálastofu lagt fram um heildræna endurskoðun á málefnum upplýsingaveitu til ferðamanna. Markmið verkefnisins er að tryggja góða og örugga upplýsingagjöf til ferðamanna allt árið um kring um allt land.

### **9. Bókun stjórna Þekkingarseturs Suðurnesja og Ferðamálasamtaka Reykjaness**

Bókanir stjórna Þekkingarseturs Suðurnesja og Ferðamálasamtaka Reykjaness um árgjöld vegna ársins 2016 lagðar fram. Verkefnastjóra og formanni stjórnar falið að ræða við formann Ferðamálasamtaka Reykjaness um aðkomu ferðapjónustunnar að Reykjanes Geopark.

### **10. Styrkur frá Ferðamálastofu**

Reykjanes Geopark hefur fengið styrk að upphæð 1.500.000 kr. frá Ferðamálastofu fyrir verkefninu „Stefnumótun, stjórnun og skipulag áningarstaða fyrir ferðamenn á Reykjanesi“.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði: ESJ